

Föstudaginn 9. mars 1984.

Nr. 40/1982. **Læknaþjónustan s/f**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík

f.h. borgarsjóðs

(Magnús Óskarsson hrl.)

Verklaun. Umboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 11. febrúar 1982. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 91.651.00 krónu auk hæstu dráttarvaxta frá 1. júní 1981 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að fjárhæð dómkröfu áfrýjanda verði lækkuð.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er Læknaþjónustan s/f talin hafa verið stofnuð 16. maí 1981 af sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp stöðum sínum við ríkisspítalana, Borgarspítalann og Landakotsspítala í Reykjavík vegna óánægju með launakjör sín og dóm Kjaradóms í kjaradómsmálinu nr. 5/1979: Læknafélag Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Var tilgangur félagsins eftir félagssamningi „að annast sölu lækniþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðila“. Stóð félagsstofnunin þannig í beinum tengslum við það, að ætla mátti, að óhjákvæmilegt yrði fyrir sjúkrastofnanirnar að leita til lækna þeirra, sem hætt höfðu störfum, ef unnt ætti að verða að sinna brýnustu þörfum sjúklinga. Eftir sem áður var þó haldið áfram tilraunum til að ná samkomulagi um þann ágreining, sem leitt hafði til uppsagnanna, og tókst það eigi löngu síðar, eða 24. júní 1981. Hurfu lækarnir þá almennt til fyrri starfa. Er ekkert komið fram um, að neins konar samningar

þeirra við Læknabjónustuna s/f hafi staðið því í vegi, að þeir gætu fyrirvaralaust tekið upp fyrri störf.

Í málinu krefur áfrýjandi, Læknabjónustan s/f, stefnda um greiðslu fyrir vinnu, er 13 nafngreindir lækmar leystu af hendi dagana 18.-22. maí 1981 á Borgarspítalanum í Reykjavík.

Stefndi hafnaði að viðurkenna Læknabjónustuna s/f sem viðsemjanda sinn um þá læknishjónustu, sem sýnt var, að leita yrði eftir hjá þeim sérfræðingum og aðstoðarlæknum, sem sagt höfðu upp störfum sem „lausráðnir lækmar“, svo og að viðurkenna þá gjaldskrá, sem stjórn Læknabjónustunnar s/f samþykkti og tilkynnti 17. maí. Gat fyrirvarsmönnum hennar ekki dulist þessi afstaða. Höfðu hvorki fyrirvarsmennirnir né einstakir lækmar réttmæta ástæðu til að líta svo á, að stefndi hefði í orði eða verki fallist á að greiða Læknabjónustunni s/f fyrir vinnu læknanna samkvæmt umræddri gjaldskrá. Ber í því sambandi að taka fram, að ekki verður með réttu litið svo á, að með áritun sinni á vinnukort læknanna hafi hlutaðeigandi yfirlækmar skuldbundið stefnda til þessa, enda var slíkt ekki á valdi yfirlæknanna.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Því hefur ekki verið haldið fram sem málsástæðu, að áfrýjandi eða aðstandendur hans hafi beitt stefnda nauðung. Kemur það atriði því ekki til úrlausnar.

Mér sýnist dómur meiri hluta dómenda á því byggður, að stefndi hafi neitað að viðurkenna Læknabjónustuna s/f sem viðsemjanda sinn og að á það sjónarmið sé fallist. Hafi réttarsamband milli aðila þessara því aldrei komist á.

Eigi eru bornar á það briggður, að yfirlækmar hafi verið um það bærir að gera ráðstafanir, sem tryggðu sjúklingum neyðarþjónustu,

enda gerði stefndi engar ráðstafanir til þess að stöðva gerðir yfirlæknanna. Í máli þessu er ekki deilt um það, hvort yfirlæknar kunni að hafa misnotað heimildir sínar, þannig að beðið hafi verið um meiri eða viðtækari þjónustu en nauðsynleg var. Með verkbeidnum eða svokölluðum vinnukortum, sem ritaðar voru á eyðublöð, sem greinilega voru merkt áfrýjanda, pöntuðu yfirlæknar þjónustu áfrýjanda, og hefur stefnda ekki tekist að sanna nein þau atvik eða aðstæður, sem geri verkbeidnir þessar marklausar. Yfirlæknarnir voru bærir um að gera þessar ráðstafanir og bökðu því stefnda greiðsluskyldu. Hefur stefndi ekki sannað, að reikningur sá, sem er grundvöllur stefnukröfu, sé rangur eða ósanngjarn, enda málið að litlu leyti sótt og varið um það atriði.

Ég tel því, að taka beri til greina dómkröfu áfrýjanda um greiðslu hinnar umstefndu fjárhæðar, 91.651.00 krónu, en vaxtakrafa hans verður einungis tekin til greina, svo sem hér segir: 37% ársvextir frá 1. júní 1981 til 1. nóvember 1982, 45% ársvextir frá þeim degi til 21. september 1983, 37% ársvextir frá þeim degi til 21. október 1983, 36% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 32% ársvextir frá þeim degi til 21. desember 1983, 25% ársvextir frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 19% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Með hliðsjón af málsatvikum og þeim vafa, sem telja verður, að sé í þessu máli, tel ég með skírskotun til 178. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1981.

Mál þetta sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. október sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. júní 1981, af Helga V. Jónssyni hrl. fyrir hönd Læknaþjónustunnar s.f., Dómus Medica, Egilsgötu 3 hér í borg, gegn borgarstjóranum í Reykjavík fyrir hönd borgarsjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða skuld að fjárhæð kr. 91.651,- auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 1. júní 1981 til greiðsludags og málskostnað skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati réttarins. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á stefnukröfum.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Í stefnu er mál þetta sagt höfðað af stefnanda til greiðslu reiknings dags. 25. maí 1981, fyrir þjónustu, er stefnandi hafi látið Borgarspítalanum í té skv. beiðni starfsmanna spítalans, en eindagi reikningsins hafi verið 1. júní 1981. Í stefnu greinir stefnandi ennfremur frá því, að stefnda hafi verið send sundurliðun á hinni seldu þjónustu ásamt frumreikningi stefnanda og séu gögn þessi hjá stefnda. Stefndi hafi ekki fengið til að greiða reikning þennan og beri fyrir sig, að verð hinnar seldu þjónustu sé of hátt. Stefnda hafi þó áður en hann falaðist eftir þjónustunni, verið gerð grein fyrir verði hennar og greiðslukjörum. Engin frekari grein var gerð fyrir málavöxtum né málsástæðum í greinargerð stefnanda.

Málavextir.

Með bréfi 31. júlí 1979 sagði Læknafélag Íslands upp kjarasamningi milli félagsins fyrir lausráðna sjúkrahúslækna og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og með bréfi sama dag sagði Læknafélag Reykjavíkur upp samningi félagsins við Reykjavíkurborg um laun lausráðinna sjúkrahúslækna. Samningur þessi hafði verið gerður sem sátt fyrir Kjaradómi 11. nóvember 1977 milli læknafélaganna f.h. lausráðinna sjúkrahúslækna annarsvegar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar hinsvegar og fjallaði um kaup og kjör lausráðinna sjúkrahúslækna, þ.e. sérfræðinga og aðstoðarlækna. Nú var það einungis Læknafélag Íslands, sem varð málsaðili fyrir Kjaradómi gegn fjármálaráðherra, en ákveðið var, að Læknafélag Reykjavíkur biði átekta. Lok uppsagnarfrestsins voru hinn 1. nóvember 1979, og skyldi Kjaradómur kveða upp dóm um ágreiningsefni kjarasamnings eigi síðar en viku fyrir lok uppsagnarfrestsins. Aðiljar óskuðu hinsvegar eftir því, að uppsögu dóms yrði frestað, og var svo gert allt til haustsins 1980, og þá fóru fram ítarlegar sáttaumleitanir á vegum Kjaradóms að beiðni málsaðilja, en þær urðu árangurslausar. Þá lögðu málsaðiljar málið í dóm Kjaradóms, og fór munnlegur flutningur málsins fram hinn 8. janúar 1981.

Í málflutningi fyrir Kjaradómi lagði fulltrúi Læknafélags Íslands áherslu á 20% hækkun fastra launa auk breytinga á launastiga og hækkun á kaupum fyrir bundnar vaktir aðstoðarlækna. Þessar kröfur studdi hann einkum þeim rökum, að undanfarin 15 ár hafi laun lækna sífellt farið lækkandi í samanburði við allar aðrar stéttir, og studdi hann þetta með ýmsum rökum og dæmum. Varnaraðili hafnaði beinum launahækkunarkröfum sjúkrahúslækna og bar fram sín sjónarmið.

Dómur Kjaradóms féll hinn 26. febrúar 1981. Í niðurstöðu segir, að samningsréttur Læknafélags Íslands byggist á 4. mgr. 5. gr. laga nr. 46/1973 og hafi ákvæði aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings verið felld í einn kjarasamning og að aðiljar séu sammála um, að svo verði áfram. Eftir

að hafa farið yfir forsendur sínar segir Kjaradómur, að þegar litið sé til alls þessa og þeirra sjónarmiða, sem dómnum beri að gæta við úrlausnir sínar, þyki rétt að hækka laun sjúkrahúslækna um 6% frá 1. desember 1980. Ennfremur séu gerðar nokkrar breytingar á sérkjaraatriðum.

Með þessum dómi Kjaradóms komst á kjarasamningur milli aðilja málsins, sem gilda skyldi til 26. febrúar 1982. Mikil óánægja varð hinsvegar meðal sjúkrahúslækna með niðurstöðu dómsins, og sögðu allir starfandi sérfræðingar og aðstoðarlæknar upp störfum sínum á Borgarspítala nema einn, u.þ.b. sjöttu læknar. Stefndi fékk uppsagnarbréf lækna um og eftir miðjan mars 1981, og var uppsagnarfrestur tveir mánuðir, og komu uppsagnir lækna til framkvæmda á tímabilinu 18. maí til 5. júní.

Með bréfi hinn 5. mars 1981 óskaði Læknafélag Reykjavíkur eftir viðræðum við fulltrúa Reykjavíkurborgar um kjarasamning fyrir lækna starfandi hjá Reykjavíkurborg. Borgarstjóri tilkynnti félaginu í bréfi, dags. 23. mars, að borgarráð hafi samþykkt að bjóða Læknafélagi Reykjavíkur að gera samhljóða kjarasamning og ákveðinn var með dómi Kjaradóms 26. febrúar. Borgarráð telji edlilegt, að kjör sjúkrahúslækna hjá ríki og borg séu hin sömu og með hliðsjón af því, að samningar þessara aðilja hafi í rúman áratug verið samhljóða, sé ekki líklegt, að viðræður um aðrar breytingar en þær, sem felist í framangreindu tilboði, beri árangur. Stjórn Læknafélags Reykjavíkur fjallaði um bréf borgarstjóra og svaraði því með bréfi, dags. 27. mars. Segir þar, að Kjaradómur sá, sem til sé vitnað, hafi verið kynntur sjúkrahúslæknum á almennum fundi á sínum tíma. Sjúkrhúslæknar séu mjög óánægðir með kjör sín og muni margir þegar hafa látið það í ljós með því að segja upp stöðum sínum, bæði á Borgarspítala og ríkisspítölum. Af þessum sökum treysti Læknafélag Reykjavíkur sér ekki til viðræðna við fulltrúa Reykjavíkurborgar, sem hefðu Kjaradóm óbreyttan sem forsendu fyrir samningi aðila. Samningar tókust ekki.

Stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar sendi yfirlæknum bréf, dags. 20. maí 1981, og þar með bréf heilbrigðismálaráðherra, dags. 19. maí. Segir í bréfi stefnda, að stjórn sjúkrastofnana leggi ríka áherslu á við yfirlækna, að þeir fari eftir fyrirmælum borgarráðs frá 15. maí, að óhjákvæmilegt sé að draga úr rekstri sjúkrastofnana Reykjavíkur vegna fjöldauppsagna lækna, og fyrirmælum ráðuneytis, sem voru svohljóðandi:

„Vegna uppsagna aðstoðarlækna og sérfræðinga, sem koma til framkvæmda nú og næstu daga, óskar heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið að taka fram eftirfarandi:

Ráðuneytið leggur áherslu á að öll nauðsynlegasta lækniþjónusta verði veitt eftir því sem kostur er. Þó er óhjákvæmilegt að draga úr þjónustu og ekki verður hjá því komist að fela yfirlæknum að vísa frá verkefnum sem ekki eru bráð (acut) og takmarka innkallanir lækna við brýnustu

naðsýn. Ráðuneytið telur brýnt að skipuleggja slík viðbrögð á sjúkrahúsföndunum á Reykjavíkursvæðinu.

Ráðuneytið leggur áherslu á að gefin verði skýr og afdráttarlaus fyrir-mæli í þessum efnum til allra yfirlækna. Verði óhjákvæmilegt að kveðja til aðstoðarlækna og sérfræðinga, eiga yfirlæknar að staðfesta vinnutíma þeirra, en í þeirri staðfestingu felst ekki afstaða til þess hvaða laun við-komandi læknir á að hafa fyrir unnið verk.“

Hinn 17. maí 1981 barst stefnda bréf frá fyrirtæki, er nefndist Lækna-þjónustan s.f. Þetta var samhljóða bréfi, sem sent var yfirlæknum og stjórnendum sjúkrahúsanna í Reykjavík. Í bréfinu sagði, að læknar, sem sagt hafi upp störfum sínum á ríkisspítölum, Borgarspítala og Landakots-spítala, hafi stofnað með sér ofanritað félag til þess að annast sölu læknis-þjónustu til sjúkrahúsanna. Félagið muni fyrst um sinn hafa aðsetur í húsnæði læknafélaganna, Domus Medica, hér í borg. Yfirlæknar séu bednir að snúa sér til trúnaðarmanna félagsins með verkbeiðnir og að staðfesta vinnuskýrslur með undirritun sinni að verki loknu. Lýst var ákvörðun stjórnar félagsins um fyrirkomulag á útseldri vinnu og verði á henni, kr. 420.- fyrir sérfræðinga og kr. 294.- fyrir aðstoðarlækna. Undir bréfið rit-uðu formaður, varaformaður og ritari félagsins auk tveggja meðstjórnenda. Stefndi svaraði bréfi þessu hinn 20. maí 1981. Þar segir:

„Á fundi borgarráðs í gær var lagt fram bréf Læknaþjónustunnar s.f. frá 17. þ.m. varðandi sölu á læknisþjónustu til sjúkrastofnana.

Borgarráð samþykkti á fundinum svohljóðandi bókun:

„Vegna bréfs Læknaþjónustunnar s.f. frá 17. þ.m. m.a. til Borgarspítal-ans varðandi sölu á læknisþjónustu til sjúkrahússins gegn tímakaups-taxta, sem fyrirtækið hefur ákveðið einhliða, tekur borgarráð fram eftir-farandi:

Um endurgjald fyrir vinnu lausráðinna lækna á sjúkrastofnunum borgar-innar gilda ákvæði kjarasamnings aðila. Telur borgarráð ekki efni til að nota aðrar greiðslureglur fyrir tilfallandi vinnu lækna á sjúkrastofnunum Reykjavíkurborgar.

Borgarráð telur því ekki heimilt að lausráða lækna eða kveðja þá til starfa að sjúkrastofnunum borgarinnar eftir öðrum reglum en samningur aðila kveður á um.“ “

Stefnandi Læknaþjónustan s.f. svaraði bréfi þessu með bréfi, dags. 22. maí og segir þar, að félaginu sé ekki ljóst, hvaða aðilja sé átt við í bréfi borgarstjóra, enda hafi kjarasamningur milli Læknafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar fallið úr gildi 1. nóvember 1979 og hafi ekki verið endurnýjaður síðan. Félagið hafi að tilgangi að annast sölu læknisþjónustu til sjúkrahúsa og annarra og hafi það þegar ráðið til sín lækna, sem sagt

hafi upp störfum sínum á sjúkrahúsunum, og gert við þá starfssamning. Læknarnir séu því starfsmenn fyrirtækisins og starfi samkvæmt samningi við það, en ekki samkvæmt kjarasamningi sjúkrahúslækna. Félagið muni leitast við að selja þjónustu þeirra á sama hátt og seld sé þjónusta annarra háskólamenntaðra manna. Þjónusta þessi sé föl gegn texta, sem félagið hafi sett og tilkynnt stjórnnum sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar. Þjónustan sé látin í té samkvæmt verkbeiðnum staðfestum af sjúkrahúsunum og líti félagið svo á, að slík staðfesting sjúkrahúsanna eða fulltrúa þeirra sé viðurkenning á texta félagsins.

Viðbrögð stefnda við þessu bréfi stefnanda urðu þau að framkvæmdastjóri Borgarspítalans sendi yfirlæknum við sjúkrastofnanir Reykjavíkurborgar bréf, dags. 22. maí, með samþykkt borgarráðs frá 19. maí, og voru í bréfinu ítrekuð fyrri fyrirmæli um þessi efni og áréttað, að eingöngu skuli notaðar vinnuskýrslur borgarspítalans til staðfestingar á vinnutíma, og varað við hverskonar skuldbindingum, sem snerti fjárhagshlið þessa máls. Daginn eftir, hinn 23. maí, sendi stefnandi Læknaþjónustan s.f. símskeyti til forstjóra sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, svohljóðandi:

„Læknaþjónustunni s.f. hefur borist til eyrna, að yfirlæknum sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar hafi verið gefin fyrirmæli um að undirrita ekki verkbeiðnir Læknaþjónustunnar s.f. Læknaþjónustan s.f. vill taka fram, að þjónusta félagsins verður ekki látin í té nema gegn verkbeiðnum félagsins undirrituðum af fulltrúum sjúkrastofnana án nokkurs fyrirvara.“

Vinnuskýrslur Borgarspítalans voru notaðar í upphafi ásamt þeim vinnukortum, sem stefnandi notaði, en síðar voru eingöngu notuð vinnukort stefnanda, og var það látið afskiptalaust af yfirstjórn spítalans.

Stefnandi sendi stefnda reikning sinn, dags. 25. maí vegna útkalla til læknisstarfa í Borgarspítala skv. meðf. vinnukortum, samtals kr. 91.651.-, og krafðist greiðslu, en henni var neitað af hálfu stefnda.

Ríkisstjórnin lét málið til sín taka og sendi frá sér yfirlýsingu vegna kjara-deilu lækna, dags. 26. maí, þar sem saga deilunnar er rifjuð upp. Þar segir:

„Ríkisstjórnin lýsir vanþóknun sinni á þessum þvingunaraðgerðum lækna og vísar jafnframt verðskrá Læknaþjónustunnar s.f. algerlega á bug. Breytir þar engu hvort „verkbeiðnir“ einstakra yfirlækna eða annarra stjórnenda sjúkrahúsanna hafa verið undirritaðar með fyrirvara eða ekki.“

Ríkisstjórnin lýsti sig reiðubúna til að láta fara fram athugun á ýmsum þáttum starfskjara lækna með hliðsjón af kjörum annarra launþega, enda láti þeir af aðgerðum sínum.

Stefnandi svaraði með yfirlýsingu, þar sem segir, að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu ýmsar vísitandi rangfærslur af alvarlegasta tagi, ætlaðar til þess eins að þyrlla upp moldviðri til að hylja vanrækslu og aðgerðarleysi

fjármálaráðuneytisins í réttmætri kjaradeilu sjúkrahúslækna við það. Þar segir:

„Læknaþjónustan lýsir fullri ábyrgð á hendur fjármálaráðuneytinu um það, hvernig komið er í kjaradeilu sjúkrahúslækna og skorar á yfirvöld að koma á samningaviðræðum við Læknafélag Íslands og Læknafélag Reykjavíkur þegar í stað.“

Hinn 24. júní 1981 gerðu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Læknafélag Íslands vegna lausráðinna sjúkrahúslækna með sér samkomulag. Þar voru gerðar breytingar á kjarasamningi þessara aðilja samkvæmt dómi Kjaradóms frá 26. febrúar um fyrirframgreiðslu mánaðarlauna, breytingar á gæsluvaktartímakaupi, launastigum aðstoðarlækna, starfstíma sérfræðinga og ýmsum slíkum ákvæðum samningsins. Stjórn St. Jósefsspítala lýsti samþykki við samkomulagið og Reykjavíkurborg og Læknafélag Reykjavíkur gerðust aðilar að samkomulaginu og dómi Kjaradóms frá 26. febrúar 1981 með undirritun og samþykki borgarráðs og félagsfundar. Samkomulagið var samþykkt á fundi Læknafélags Íslands og Læknafélags Reykjavíkur sama dag, hinn 24. júní 1981.

Í framhaldi af samkomulagi þessu komu læknar almennt til vinnu á sjúkrahúsum í borginni hinn 25. júní 1981, og var það tilkynnt bréflega, aðallega af yfirlæknum hinna ýmsu deilda, en að nokkru af læknunum sjálfum.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að kjarasamningur hafi enginn verið í gildi milli Reykjavíkurborgar og Læknafélags Reykjavíkur eftir uppsögn kjarasamningsins 1. nóvember 1979. Þeir sérfræðingar og aðstoðarlæknar, sem sagt hafi upp störfum sínum á Borgarspítalanum, hafi því ekki verið bundnir neinum kjarasamningi. Þeir hafi gerst starfsmenn í Læknaþjónustunni s.f. og hafi yfirlæknar í starfi hjá stefnda beðið um þjónustu stefnanda, sem veitt hafi verið samkvæmt þeim verkbeiðnum, sem fylgi reikningi stefnanda. Þessir læknar hafi unnið á ýmsum deildum Borgarspítalans dagana 18. til 23. maí 1981 samkvæmt sundurliðuðum vinnukortum með undirskrift viðkomandi lækna og yfirlækna. Á kortunum komi nákvæmlega fram dagvinna sérfræðinga og dagvinna og yfirvinna aðstoðarlækna hvers læknis fyrir sig á hverri deild og ferðir læknanna og sér reikningur stefnanda nákvæmlega sundurliðaður og settur fram samkvæmt gjaldskrá félagsins, sem stefnda hafi fyrirfram verið kynnt með bréfi 17. maí 1981. Reikningurinn sé að fjárhæð kr. 91.651, fyrir 66 klst. dagvinnu sérfræðinga á kr. 420.-, 107 klst. dagvinnu aðstoðarlækna á kr. 294.- og 77 klst. yfirvinnu aðstoðarlækna á kr. 441.- og hafi hver ferð

kostað kr. 70.-. Félagið hafi boðið fram þjónustu lækna og hafi yfirmenn á spítala stefnda þegið tilboðið og kvatt þessa menn til starfa, vitandi um gjaldskrá og skilyrði félagsins og lækna og hafi unnar vinnustundir alfarið verið að beiðni og í umsjá stefnda. Engin greiðsla hafi þó borist á reikningi stefnanda og hafi því borið nauðsyn til að höfða mál þetta. Vegna andmæla stefnda taki stefnandi sérstaklega fram, að stefndi hafi dregið til baka þann fyrirfara, sem hann hafi ætlað að setja við gjaldskrá stefnanda, og þar með sé ljóst, að starfsmenn stefnda hafi samþykkt fjárskuldbindingu þá, sem verkbeiðni beri með sér, eins og fram komi í bréfum stefnanda. Vegna áskorunar lögmanns stefnda hafi verið lögð fram sundurliðun í málinu á taxta útseldrar vinnu stefnanda og forsendur taxtans og sé ljóst, að hér sé um venjulega verktakasamninga að ræða á sambærilegum kjörum og hjá öðrum hliðsettum stéttum manna.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að aðild stefnanda sé alfarið mótmælt og hafi alltaf verið, frá því kunnugt varð um áform um stofnun þessa félags til þess að annast sölu á lækniþjónustu. Stefnandi hafi aldrei verið beðinn um að leggja spítala í té neina þjónustu og sé því ekkert réttarsamband milli aðilja og engin deila um verðlagningu, þótt ósvífin sé. Í málflutningi sínum hafi lögmaður stefnanda borið fram ýmsar málástæður, sem ekki hafi komið fram fyrr en þá, og séu þær alltof seint fram komnar. Læknar hafi verið með samræmdar aðgerðir í kjaradeilu og hafi hópuppsagnir lækna verið í reynd ólögmaett verkfall. Þótt gildistími kjarasamnings sé útrunninn, hafi verið farið eftir ákvæðum hans, þar til nýr tekur gildi. Læknarnir hafi því rofið friðarskyldu og efnt til deilu, stofnað gervifélag og notað aðstöðu sína til að ráða sjálfir kjörum sínum. Yfirlæknar Borgarspítalans hafi kallað einstaka lækna til starfa eftir því sem óhjákvæmilegt hafi þótt, en í öllum tilvikum hafi verið um persónubundin útköll að ræða. Engar „verkbeiðnir“ hafi verið gerðar, enda engar sést í máli þessu, og hafi afstaða stefnda frá upphafi verið eins skýr og hugsast geti, sbr. bréf, dags. 20. maí 1981. Yfirlæknar hafi á engan hátt stofnað til fjárskuldbindinga stefnda með undirskrift á vinnukort lækna og felist það ekki í valdi yfirlækna að gera slíkar skuldbindingar.

Stefndi bendir á, að löngu sé viðurkennd réttarregla, studd með forðæmum Félagsdóms í þrem dómum, að menn geti ekki sett fram einhliða kauptaxta, svo bindandi sé fyrir viðsemjanda. Dómar séu til um að einhliða kauptaxtar hafi verið metnir gildir, eingöngu þegar gagnaðili hafi beint eða óbeint samþykkt kauptaxtana með framferði sínu. Í þessu máli hafi hinir einstöku læknar komið til vinnu, þótt þeir vissu, að stefndi hafi hafnað kauptaxta stefnanda alfarið.

Stefndi tekur fram, að skv. 32. gr. laga nr. 46/1973 hafi stefndi samið við Læknafélag Reykjavíkur, sem falli undir þau lög sem stéttarfélag og

undir Kjaradóm, eins og sáttin, sem gerð var 11. nóvember 1977, beri með sér. Eftir uppsögn þess kjarasamnings hinn 1. nóvember 1979 hafi verið farið eftir samningnum í 18 mánuði, þangað til hópuppsagnirnar tóku gildi. Málið hafi ekki verið lagt fyrir Kjaradóm, þar sem aðiljar hafi verið sammála um að biðja eftir niðurstöðu í máli Læknafélags Íslands, enda hafi félögin og þessir aðiljar haft algera samleið. Fyrir því sé löng hefð og viðurkennd réttarregla, að þótt gildistími kjarasamnings sé útrunninn, hafi verið farið eftir ákvæðum hans, þar til nýr kjarasamningur tekur gildi. Þetta hafi í reynd verið staðfest með bókun í niðurlagi samkomulagsins 24. júní 1981, en eftir gerð þess hafi lækarnir tekið upp sín fyrri störf, án þess að nýir ráðningasamningar væru gerðir.

Stefndi hefur lýst því yfir hér í málinu, að borgarsjóður hafi verið og sé reiðubúinn að greiða einstökum læknum fyrir tilfallandi vinnu þeirra, meðan á uppsagnarástandinu stóð, og þá eftir ákvæðum kjarasamnings aðilja, eins og samþykkt borgarráðs 19. maí 1981 ber með sér.

Niðurstaða.

Telja verður upplýst og óumdeilt í máli þessu, að lausráðnir sjúkrahúslæknar hafi staðið í langvarandi kjaradeilu við viðsemjendur sína allt frá því félög þeirra sögðu upp gildandi kjarasamningi hinn 31. júlí 1979 miðað við 1. nóvember sama ár. Kjaradeilan stóð allt árið 1980, og varð ekki samkomulag, og lýsir málflutningur fyrir Kjaradómi í janúar 1981 hinum mikla mun, sem var á kröfum lækna, t.d. um 20% hækkun grunnkaups, og kröfum gagnadilja. Dómur Kjaradóms um 6% grunnkaupshækkun hinn 21. febrúar 1981 var því fjarri því sem læknar töldu sig geta sætt sig við, og brugðust þeir við dómi þessum með hópuppsögnum í marsmánuði. Kjaradeilunni lyktaði með samkomulagi, sem gert var hinn 24. júní sl. um breytingu á Kjaradómi, og er gildistími Kjaradóms nú gildistími kjarasamnings læknafélaganna vegna lausráðinna sjúkrahúslækna og viðsemjenda þeirra, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjavíkurborgar, til 26. febrúar 1982.

Læknar þeir, sem sögðu upp störfum sínum á sjúkrahúsum, stofnuðu og gerðust starfsmenn sameignarfélag, sem þeir nefndu Læknaþjónustuna s.f., og skyldi félagið annast sölu á lækniþjónustu til sjúkrahúsa og annarra aðilja. Félag þetta bauð sjúkrahúsunum fram þjónustu lækna á spítölum með ákveðnum skilyrðum. Nú gerðist tvennt, að stefndi hafnaði tilboði félagsins og hélt sig við kjarasamninginn, sem farið hafði verið eftir, þrátt fyrir uppsögn, í eitt og hálft ár, og hitt, að yfirlæknar kölluðu til starfa á spítölum ýmsa lækna, sem þar höfðu starfað.

Telja verður og upplýst og óumdeilt, að algjört öngþveiti og neyðarástand hefði skapast á sjúkrahúsunum, ef yfirlæknar hefðu ekki kallað

lækna til starfa. Yfirlæknar rituðu á vinnukort stefnanda og staðfestu vinnu lækna þeirra, sem kvaddir voru til starfa dagana 18. til 23. maí.

Gegn andmælum stefnda hefur stefnandi ekki sýnt fram á það, að yfirlæknar hafi snúið sér til stefnanda eða trúnaðarmanna stefnanda til þess að fá lækna til starfa, og verður því að telja, að ekki sé annað í ljós leitt en að um persónulegar kvaðningar einstakra lækna hafi verið að ræða, enda hefði annað verið brot á 1. mgr. 2. gr. kjarasamnings þess, sem farið hafði verið eftir.

Gegn andmælum stefnda og yfirlýsingum, sbr. bréf 20. maí 1981, verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á það, að stefndi hafi með orðum eða gerðum fallist á gjaldskrá þá, sem sett var fram einhliða af stefnanda hálfu.

Vegna þessa verður að telja ósannað af stefnanda hálfu, að nokkurt réttarsamband hafi stofnast milli stefnanda og stefnda, sem leitt geti til greiðsluskyldu stefnda á reikningi stefnanda. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. borgarsjóðs skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Læknahjónustunnar s.f., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
